

Greinargerð vegna auglýsingar starfsleyfistillögu fyrir Laxar fiskeldi ehf. í Þorlákshöfn

1. Almennt:

Laxar fiskeldi ehf. til lögheimilis að Arkalind 2, Kópavogi, sótti um starfsleyfi vegna seiðaeldisstöðvar að Laxabraut 9, Þorlákshöfn, dags. 10. ágúst 2016. Starfsleyfið veitir heimild til reksturs fiskeldisstöðvar í landi þar sem heimilt er að framleiða allt að 500 tonn af laxaseiðum á ári. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar tekur á mengunarþætti eldisins á grunni reglugerðar 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið gerir strangar kröfur um takmörkun á mengun, eftirlit og mælingar á starfstíma.

Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, á tímabilinu 5. júlí til 31. ágúst 2017, fyrir framleiðslu á allt að 500 tonnum á ári. Auglýsingin birtist einnig á vefsíðu Umhverfisstofnunar, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaði 5. júlí. Umsóknargögn um auglýsingu starfsleyfistillögu voru send heilbrigðisnefnd tvívegis, 29. mars 2017 og 29. júní 2017.

Gögn munu verða aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss á auglýsingatíma.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum (sbr. 23. gr. rg. nr. 785/1999 sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000):

Skipulagsstofnun barst tilkynning frá Laxar fiskeldi ehf. þann 21. maí 2016 um framleiðslu á 500 tonnum af laxaseiðum á ári í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfussi. Skipulagsstofnun mat það svo að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt álitni frá 3. ágúst 2016. Umhverfisstofnun sendi inn umsögn þann 28. júlí vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að hún muni ekki hafa umtalsverð áhrif í för með sér. Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem bent er á er varða losun lífniðurbrjótanlegs úrgangs og áhrif þess á nærumhverfið. Að mati stofnunarinnar er dregið úr þeim áhrifum með ákvæðum í starfsleyfi.